27. apríl 2010

LANDSSAMBAND
smábátaeigenda

Gildi lífeyrissjóður

v.t. Árni Guðmundsson

Efni: Ársskýrsla Gildis lífeyrissjóðs 2009

Á ársfundi Gildis lífeyrissjóðs miðvikudaginn 28. apríl nk. mun undirritaður óska svara og skýringa á neðangreindu. Mér þykir rétt að undirbúa fyrirspurnirnar með því að tilkynna efni þeirra fyrirfram þannig að auðveldara verði að fá svör við þeim á fundinum.

1. Í ávarpi stjórnarformanns á blaðsíðu 4 í skýrslunni segir hann: *„Enn er nokkur óvissa um raunverulegt verðmæti þeirra verðbréfa sem sjóðurinn á. Á það sérstaklega við um gjaldmiðlaskiptasamninga sem sjóðurinn gerði við viðskiptabankana en við fall þeirra skapaðist mikil óvissa um hvernig gera skyldi samningana upp."*

   Við eftirgrennslan hefur undirritaður komist að því að gjaldmiðlaskiptasamningar eru yfirleitt annað hvort „evróputýpan" eða „ameríska tíðin". Sú evrópska er með einn gjalddaga og er gerð upp á þeim gjalddaga. Ameríska er einnig með ákveðinn gjalddaga en kúnninn getur komið hvenær sem er á samningstímanum og óskað eftir að gert sé upp á því gengi sem er á þeim degi. Hvoru tveggju samninganna snúa að alþjóðlegu samningsformi ISDA (International Swaps and Derivatives Association) eða BBA (British Bankers' Association). Í samningsformunum er ákvæði um „nettun". Þar sem hér er um gríðarlegar upphæðir að ræða og efasemdir hafa vaknað um að staðið hafi veri nægilega vel að verki, eru spurningarnar:

   a. Hvoru samningsformanna var farið eftir í samningum við bankanna.

      Gjaldmiðlasamningar við íslensku bankana vísuðu í viðskipta- og markaðsskilmála þeirra. Hvorugt þessara forma, þ.e. ISDA eða BBA, var notað í gjaldeyrisviðskiptum innlendra aðila við bankana að því er við best vitum.

   b. Í hverju liggur liggur óvissan í uppgjöri við bankana?

      Eins og fram kemur í skýringu 16 í ársskýrslunni snýr óvissan í uppgjöri við bankana að því hvort sjóðnum ber að gera upp samningana, og ef svo er við hvaða tíma og á hvaða gengi slíkt uppgjör skuli miða. Aðalkrafa sjóðsins í kröfulýsingum á hendur bönkunum er að afleiðusamningarnir verði ógiltir þar sem bankarnir hafa ekki getað staðið við sinn hluta samninganna og að markaðsbrestur hafi orðið.

2. Í skýrslunni segir stjórnarformaður einnig: *„Enn er nokkur óvissa um raunverulegt verðmæti þeirra verðbréfa sem sjóðurinn á."*

   Tilgreindir eru þrír þættir:

a. Gjaldmiðlaskiptasamningar Gildis og viðskiptabankanna
b. Skuldabréf í fyrirtækjum og fjármálastofnunum
c. Gengisáhætta vegna eigna í erlendum sjóðum

Hvert er umfang hvers þáttar?

a) ***Sjá skýringu 16 á bls. 37 og skýrslu stjórnar á bls. 28 í ársskýrslu sjóðsins.***
b) ***Sjá skýringu 17 á bls. 37 í ársskýrslu sjóðsins.***
c) ***Áhættan varðandi erlendar eignir sjóðsins felst í því að staðan er óvarin þar sem sjóðurinn getur ekki gert afleiðusamninga til þess að minnka gengisáhættuna eins og fram kemur í ávarpi stjórnarformanns.***

3. Hlutverk endurskoðunarnefndar

Í hverju fólst starfsemi endurskoðunarnefndar, hver er niðurstaða að starfi hennar, hefur verið tekin ákvörðun um hvort nefndin starfi áfram?

Samkvæmt lögum skal endurskoðunarnefnd vera starfandi hjá sjóðnum og mun hún því starfa áfram á meðan lögum um það verður ekki breytt. Formaður endurskoðunarnefndarinnar, Heiðrún Jónsdóttir, kynnti starf nefndarinnar á ársfundinum og þar kom m.a. fram að aðalhlutverk nefndarinnar er: a) að meta eftirlitsumhverfi sjóðsins og fyrirkomulag áhættustýringar, b) greining á virkni innri endurskoðunar, eftirlit með framkvæmd endurskoðunar og gerð tillögu um val á ytri endurskoðanda ásamt mati á óhæði endurskoðanda og c) að tryggja fylgni við gildandi lög og reglur. - Nefndin hefur lagt á það áherslu að læra af því áfalli sem sjóðurinn varð fyrir í yfirstandandi efnahagskreppu. Nefndin hefur unnið að því að styrkja innviði sjóðsins og kanna vel ferla, sérstaklega í tengslum við eignastýringu og áhættumat.

4. Hver er kostnaður annars vegar og ávinningur Gildis lífeyrissjóðs hins vegar af gengisvörnum á árinu 2006, 2007, 2008 og 2009, sundurliðað eftir árum?

Eins og fram kemur í ársskýrslu sjóðsins (í ávarpi formanns á bls. 4, í skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra á bls. 28 og skýringu nr. 16 á bls. 37) er óvissa um hvort og þá hvernig ber að gera upp gjaldmiðlaskiptasamninga sjóðsins við föllnu viðskiptabankana. Í ársreikningi sjóðsins 2009 eru 7.113 milljónir króna færðir til skuldar og hefur þá verið gert ráð fyrir að kröfum sjóðsins á hendur bönkunum verði skuldajafnað á móti hluta af þessum samningum.

Afkoman af samningunum árin 2002-2007 er þessi:

2007: 5,6 ma.kr. (sjá sundurliðun síðustu ára í töflu á bls. 19 í ársskýrslu 2007)
2006: -1,7 ma. kr.
2005: 1,9 ma. kr.
2004: 2,7 ma. kr.
2003: 1,3 ma. kr.
2002: 1,4 ma. kr.

5. **Skiptasamningar**

Er það réttur skilningur að tap af skiptasamningum 2008 hafi verið 26,6 milljarður (21,5 + 5,1) og 2009, 7,9 milljarðar (0,8 + 7,1) sbr. skýringaliði 19 og 31 eða samtals 34,6 milljarðar?

Nei, tap sjóðsins á öllum afleiðusamningum á árinu 2008 var 21,6 milljarðar og 0,8 milljarðar 2009 eða samtals 22,4 milljarðar.

Ef svarið er já, þá óskast sundurliðun á tapinu.

6. Á blaðsíðu 37 í kaflanum „Afleiðusamningur og skuldajöfnun" er þess m.a. getið að „Víkjandi lán sjóðsins hafa verið afskrifuð af fullu".

Víkjandi lán hef ég skilið sem lán án trygginga.

Hver er skýring þess að Gildi lífeyrissjóður lánar Glitni hf, banka í einkarekstri, víkjandi lán að upphæð 3,69 milljarðar?

Hver eða hverjir tóku ákvörðun um þetta lán, hver eða hverjir bera ábyrgðina og hvað lá til grundvallar ákvörðuninni. Hvað gekk mönnum til?

Í mars 2008 keypti Gildi breytanlegt/víkjandi skuldabréf af Glitni banka fyrir 3 milljarða króna. Stjórn sjóðsins, framkvæmdastjóri og forstöðumaður eignastýringar tóku ákvörðun um kaupin á grundvelli þeirra upplýsinga sem þá lágu fyrir um stöðu bankans. Sjóðurinn telur nú í ljósi þeirra upplýsinga sem fram hafa komið eftir fall bankans að stjórnendur hans hafi gefið rangar upplýsingar um stöðuna. Sjóðurinn rekur nú dómsmál til að fá skuldabréf þetta metið sem almenna kröfu í þrotabú bankans. Einnig verður skoðað hvort höfðað verður skaðabótamál á hendur stjórnendum bankans.

7. Á blaðsíðu 14 í skýrslunni er yfirlit yfir skiptingu verðbréfaeignar.

Veðskuldabréf	14,4 milljarðar
Skuldabréf fyrirtækja	7,1 milljarður
Bankabréf	4,9 milljarðar
Erlend skuldabréf	4,2 milljarðar

Óskað er sundurliðunar á þessum þáttum, upphæðum hvers aðila.

***Veðskuldabréf:** Í skýringu 27 í ársskýrslu sjóðsins á bls. 40 kemur fram að lán til sjóðfélaga nema 11,7 milljörðum króna af eign í veðskuldabréfum. Önnur veðlán nema samtals 2,7 milljörðum króna.*

***Skuldabréf fyrirtækja:** Eins og fram kemur á bls. 14 í ársskýrslu sjóðsins voru 10 stærstu útgefendur í fyrirtækjaskuldabréfasafni sjóðsins í árslok 2009 (með yfir 85% safnsins) eftirtaldir: Bakkavör, Skipti, Smáralind, N1, Spölur, Landsafl, Marel, Clearwater, Landsnet og Egilshöllin.*

***Bankabréf:** Langstærstur hluti bankabréfa (yfir 95%) eru skuldabréf Kaupþings og Landsbankans (ríkistryggð eða veðtryggð), Norræna fjárfestingarbankann (NIB) og BYR. Skuldabréf á BYR hafa nú verið færð niður að fullu í bókum sjóðsins.*

***Erlend skuldabréf:** Yfir 90% af eignum í þessum flokki eru ríkisskuldabréf.*

8. Á blaðsíðu 15 í skýrslunni er getið um „Framtaks og fasteignasjóði". Þeim er treyst fyrir að geyma og ávaxta 21,5 milljarð af eignum okkar í Gildi lífeyrissjóði.

Hverjir eru helstu eignarflokkar og í hvaða löndum eru þeir og hvernig meta menn tryggingar þeirra?

Gildi er með rúma 2 milljarða í fasteignasjóðum. Fjárfestingarnar eru í sjóðasjóðum í Evrópu. Safnið er mjög dreift og áhættan í safninu byggist ekki á stökum fasteignaverkefnum. Þó að fasteignir hafa lækkað mikið í fjármálakreppunni þá er fylgni almennt mjög lítil á milli ávöxtunar fasteigna og hlutabréfa, einnig er lítil fylgni á milli fasteigna og skuldabréfa. Stórir lífeyrissjóðir í Evrópu eru almennt með 5-10% í þessum eignaflokki á meðan Gildi er með tæpt 1%.

Gildi er með tæpa 20 milljarða í framtakssjóðum. Framtakssjóðir hækkuðu mikið hlutfallslega í eignasafninu í kjölfar veikingar krónunnar. Eignasafnið er mjög dreift landfræðilega. Um 50% er í Bandaríkjunum, um 40% í Evrópu og um 10% í Asíu. Stærstur hluti safnsins er í dreifðum sjóðasjóðum eða um 80%. Hefðbundinn sjóðasjóður er fjárfestur í um 20-60 undirliggjandi sjóðum. Heildarfjöldi einstakra sjóða er á milli 400-500 í eignasafninu. Heildarfjöldi fyrirtækja er því mjög mikill og er safnið vel dreift á milli atvinnugreina.

Framtakssjóðir hafa gert betur en hlutabréf síðastliðin 20 ár og henta vel langtímafjárfestum eins og Gildi-lífeyrissjóði. Stórir stofnanafjárfestar eins og Yale, Harvard, CalPERS og Princeton eru með 10-15% af eignasafni sínu í þessum eignaflokki.

Framtaks- og fasteignasjóðir lækkuðu samtals um 15% á árinu 2009 sem gerir -21,8% raunávöxtun. Fasteignasjóðir lækkuðu um 835 þús. (-28,8%) og framtakssjóðir um tæpa 2,7 ma. kr. (-12,1%). Þess ber að geta að framtakssjóðir og fasteignasjóðir skila uppgjöri nokkrum mánuðum eftir að árinu líkur og því eru þessar lækkanir að langmestu leyti frá 2008 þegar markaðir lækkuðu mjög skarpt síðustu 3 mánuði ársins.

Þessir sjóðir fylgja ströngum reikningsskilareglum um að meta eignir á sama verði og markaðsvirði segir til um á hverjum tíma.

Frá upphafi til dagsins í dag hafa fasteignasjóðirnir skilað 0% ávöxtun í íslenskum krónum en framtakssjóðirnir 47,6% ávöxtun í íslenskum krónum.

9. Á blaðsíðu 15.

Einn þriggja fjárvörsluaðila Gildis eru vogunarsjóðir. Á árinu 2008 vistuðu þessir sjóðir 11,8 milljarða en um síðustu áramót lágu inni hjá þeim 7,6 milljarðar.

Hver er skýringin á þessum mismun og hver er upphæð tapsins á fjárvörslunni í vogunarsjóðunum?

Aðalskýringin á þessu er að Gildi seldi í vogunarsjóði á árinu fyrir 4 ma. króna. Tap á þessum eignaflokki nam tæpum 300 milljónum á árinu sem er 3% lækkun sem skýrist að mestu leyti af því að vogunarsjóðir skila uppgjöri seinna en Gildi skilar sínu uppgjöri.

10. Framtakssjóður á bls. 16 þar er raunávöxtun neikvæð um 19,7%, (-30% nafnávöxtun), Er þar átt við Framtaks- og fasteignasjóði 21,5 milljarður eða aðeins framtakssjóði?

Hér er átt við framtaks- og fasteignasjóði.

Hver er heildarupphæð tapsins á fjárvörslu Gildis í sjóðunum?

Afkoman í þessum eignaflokkum á árinu 2009 kemur fram í svari við spurningu 8 hér að framan.

Hversu mikill hlutur af eignunum eru eyrnamerkt fasteignabréfum?

Rúmir 2 milljarðar króna eru í fasteignasjóðum eins og fram kemur í svari við spurningu 8 hér að framan.

11. Í 3. mgr. á blaðsíðu 22 segir m.a.: „Sjóðurinn fjárfestir í samfélagslega ábyrgum fyrirtækjum sem fylgja lögum og reglum samfélagsins og viðurkenndum viðmiðunum um góða stjórnarhætti og viðskiptasiðferði. Sjóðurinn fjárfestir ekki í fyrirtækjum sem ofbjóða siðferðisvitund almennings með ósanngjarnri framkomu gagnvart starfsfólki s.s. varðandi kjör og stjórnunaraðferðir eða með óhófi í lánamálum stjórnenda sem og öðrum rekstrarþáttum. Stjórn tekur afstöðu til slíkra mála sem upp koma og ákveður hvort selja eigi hlut sjóðsins í ljósi þeirra viðbragða sem athugasemdir við óeðlilega starfshætti fá."

Tekur þessi málsgrein til þess að eigendur og forsvarsmenn þessara fyrirtækja greiði sína skatta og skyldur á Íslandi?

Það hefur engin ákvörðun verið tekin um það.

12. Skýringarliður nr. 22 á blaðsíðu 39.

Hver er skýringin á því að þóknun til endurskoðenda hækkar um kr. 3,7 milljónir eða um rúm 70% milli ára?

Aðallega aukin vinna en einnig hækkun vegna verðlagsbreytinga.

Virðingarfyllst

Örn Pálsson framkvæmdastjóri